

Dags eftirlits	24.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rifós	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Helgi Þorvaldsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Linda Björk Nielsdóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að frágangi vegna kvíaeldis er ekki lokið og að senda þarf inn endurskoðaða vöktunaráætlun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Rifós hf., Kelduhverfi. Fiskeldisstöðin er landeldisstöð með leyfi fyrir eldi á allt að 1.000 tonnum af laxi og bleikju í sjókvíum í Innra-Lóninu en einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaelði og sláturhús til eigin nota. Stöðin stendur við Lón í Kelduhverfi. Allt eldi er nú innandyra og allur eldisbúnaður hefur verið fjarlægður úr lóninu og settur upp á land eða fjarlægður af staðnum. Starfsemi sláturhússins hefur verið hætt.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð um stöðina

Farið var yfir starfsleyfið, sem gildir til 31. desember 2027 og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að frágangi vegna kvíaeldis er ekki lokið og að upplýsingar vantaði inn í ársskýrslu. Brugðist var strax við ábendingum varðandi ársskýrsluna en frágangur vegna kvíaeldisins er enn í vinnslu. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar en hefur vinna við það verið sett á bið að beiðni rekstraraðila, enda enn nokkur tími í að núverandi leyfi renni út. Rekstur stöðvarinnar hefur breyst umtalsvert frá því að núgildandi starfsleyfi var gefið út en rekstraraðili starfar innan ákvæða gildandi starfsleyfis.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Enn er verið að byggja upp stöðina og var vinna við grunn G-húss í gangi er eftirlitið fór fram og er það þriðja eldishúsið í stöðinni. Góðar sóttvarnir eru á milli húsanna. Einungis er alinn lax í stöðinni, seiði frá klaki og upp í 60-80 g en þá eru þau flutt í stöð rekstraraðila á Kópaskeri. Framleiðslan er vel innan marka starfsleyfis eða um 265 tonn árið 2022.

Búið er að steypa pró við enda frárennslisstútanna í settjörninni þar sem frárennslinu verður veitt frá þrónni og yfir í tromlusíu. Unnið var að frágangi við tromlusíuna þegar eftirlitið fór fram. Frárennslitromlusíunnar kemur til með að renna út í núverandi setþrær og þaðan út í Lónið. Ekki var að sjá uppsöfnun fóðurleifa eða slýmyndun við útrás settjarnanna. Settjarnir eru tæmdar eftir þörfum og er til staðar áburðarleyfi MAST til nýtingar efnis úr settjörn og tromlusíu á uppgræðslur. Olíuskilja hefur verið sett niður, norð-austan við tækjahús og tekur hún við frárennslu frá tækjahúsi (verkstæði). Steypa á plan

undir olíugeymi nú í sumar og verður frárennsli plansins tengt olíuskiljunni. Olíugeymirinn er nýr, tvöfaldur geymir, en bent er á að huga þarf að árekstrarvörn við geyminn.

Sjálfvirkt fóðurkerfi er í húsunum en allt fóður kemur inn í plastpokum og er sturtað úr þeim yfir í síló sem sjá um skömmtnun fóðurs í kerin.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar á sameiginlegu EQS kerfi rekstraraðila. Starfsmenn fá þjálfun árlega um meðhöndlun efna frá sölubrygja efnanna og þar er farið yfir helstu öryggisreglur og meðhöndlun efnanna.

Ársskýrsla og grænt bókhald fyrir árið 2022 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 30. apríl sl. Rætt var um skráningar á framleiðslu- og fóðurmagni í ársskýrslu en við yfirferð kom í ljós að villa var í skráningunni og var hún löguð strax að eftirliti loknu. Réttar tölur var að finna í Grænu bókhaldi.

Stöðin hefur gilda vottun frá Whole Foods og AquaGap til loka þessa árs. Stefnt er á ASC vottun á næsta ári.

Mælingar í Lóninu voru gerðar skv. vöktunaráætlun árið 2020 af Náttúrustofu Norðausturlands en verið er að uppfæra vöktunaráætlunina m.t.t. breytinga á stöðinni og umsóknar um nýtt starfsleyfi. Minnt er á að gera þarf mælingar á botnseti nú í ár skv. áætlun. Samið hefur verið við RORUM um vöktunarmælingar. Daglegar skráningar eru í FishTalk og á eyðublöð við starfsstöðvar. Önnur gögn eru í EQS skráningarkerfi sem allir starfsmenn hafa aðgang að.

Útreikningar á losun fosfórs skv. 2.3 í starfsleyfi sýna að losunin er vel innan marka (20 kg/tonn af framleiddum fiski), eða alls 6,7 kg á framleitt tonn.

Enn er unnið að hreinsun svæðisins við Innra-Lónið og nokkuð magn af netum, köðlum, járn og fleiru sem tengist eldinu enn á lóðinni. Minnt er á að allan búnað, tengdum eldinu, sem ekki er í notkun skal fjarlægja eða koma fyrir í viðeigandi geymslu. Sláturhús hefur verið aflagt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á meðferð úrgangs. Öll úrgangsolía fer í söfnunarstöð við Víðimóa á Húsavík og allur dauðfiskur er settur í meltu og þaðan færður til urðunar á urðunarstað Kópaskers. Hreinsiefni eru geymd í fiskikerjum við starfsstöðvarnar og í sérstökum skáp í E-húsi en magn spilliefna er óverulegt í stöðinni. Öryggisblöð voru til staðar. Engin lyf, utan svæfingarlyfs og bóluefnis eru notuð í eldinu.

Gengið var um stöðina, olíugeymir, olíuskilja, settjarnir og útrás í viðtaka var skoðað. Byggingaframkvæmdir eru enn í gangi á lóðinni og frágangi ekki lokið. Bent er á að huga þarf betur að frágangi á lóðinni og að rusl sé fjarlægt jafn óðum þó framkvæmdir séu í gangi. Fylgst verður með frágangi á lóð í næsta eftirliti, þegar byggingaframkvæmdum er lokið. Ekið var að Innra-Lóni og aðstæður skoðaðar. Gerð er ábending um frágang á athafnasvæði við Lónið.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábending er sett fram um að enn er töluvert af netum, köðlum, járn og öðrum búnaði og rusli tengdu kvíaeldinu í Lóninu til staðar við geymslusvæði suðaustur af Lóninu og í kringum skemmu. Fjarlægja þarf búnaðinn sem allra fyrst og gæta að því að ekki skapist hætta á foki.

Ábending er sett fram um að vöktunaráætlun er ekki miðuð að þeirri starfsemi sem er í stöðinni í dag og er rekstraraðili hvattur til að senda inn nýja áætlun sem fyrst. Þar til ný vöktunaráætlun hefur borist eftirlitsaðila skal fylgja áður samþykktri vöktunaráætlun og skv. henni skal vakta Lónið skv. viðauka 1 vöktunaráætlunarinnar og senda niðurstöður vöktunar til eftirlitsaðila. Síðasta vöktunarskýrsla er frá árinu 2020 og minnt er á að samkvæmt áætluninni skal fara fram sýnataka af botni á þriggja ára fresti. Skv. gr. 4.9 í starfsleyfi getur rekstraraðili óskað eftir að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á, en senda þarf inn beiðni þess efnis til eftirlitsaðila ásamt nýrri vöktunaráætlun.

#### **ANNAÐ**


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en

héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 05.06.2023

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir